Súrálsverð hækkar í hafi að meðaltali um 54,10%

Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra telur skýringar Alusuisse á hækkunum ekki trúverðugar

AB — „Aðstoðarforstjóri Alusuisse kom hingað til lands og flutti okkur skýringar sínar munnlega, án nokkurra skriflegra gagna. Við fyrstu sýn virðast mér þessar skýringar ekki trúverðugar", sagði Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra á blaðamannafundi sem hann boðaði til í gær og kynnti þar niðurstöður athugunar á verðlagningu á súráli til íslenska álfélagsins hf., sem staðið hefur frá því í júní sl.

Niðurstaða þessara athugana er sú að innflutningsverð á súráli til Íslands er miklu hærra en eðlilegt má telja miðað við útflutningsverð frá Ástralíu. Þegar borin eru saman sambærileg verð, fob-verð í báðum tilvikum, kemur í ljós, að á tímabilinu janúar 1974 til júní 1980 hefur súrálsverð hækkað í hafi sem nemur að meðaltali um 54,1%, eða samtals 47,5 milljónum dollara á verðlagi hvers árs. Það má geta þess til samanburðar að heildargreiðslur ÍSAL fyrir raforku voru 31,5 milljónir dollara á sama tímabili.

Súrál er einn megin kostnaðarliður við álbræðslu og hefur mikil áhrif á arðsemi hennar. Þar sem ÍSAL er undanþegið íslenskum skattalögum en greiðir framleiðslugjald, sem er takmarkað við 55% nettóhagnað bræðslunnar og sem skal ekki vera lægra en 35% af nettóhagnaði, hefur verðlagning súráls bein áhrif á það framleiðslugjald, sem fyrirtækinu er skylt að greiða til íslenska ríkisins. Hér gæti því verið um milljarða tekjutap fyrir ríkissjóð að ræða.

Á grundvelli upplýsinga þeirra sem aflað var í athugun þessari var hægt að bera saman fob-verð mæti hvers einstaks súrálfarms til Íslands, eins og það er skráð í útflutningshöfn í Ástralíu við það fob-verðmæti, sem tilgreint er í íslenskum aðflutningsskýrslum. Mismunurinn á þessum tveimur stærðum er verðhækkun farmsins í hafi, hækkun sem ekki verður skýrð með flutningskostnaði, þar sem borin eru saman sams konar verð og án flutningskostnaðar í báðum tilvikum.

Niðurstöður þessa samanburðar hafa verið bornar undir hið alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki, Coopers & Lybrand í London, og hefur það staðfest gildi þeirra heimilda, sem útreikningar iðnaðarráðuneytisins byggja á, og einnig að tölur þær sem notaðar eru, séu í samræmi við heimildirnar. Jafnframt staðfesti endurskoðunarfyrirtækið reikn-

Framhald á bls. 19.



Frá opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum í gær. Sigurður Harðarson, formaður Skipulagsnefndar, er í ræðustól, og opnar sýninguna formlega.

Sýning á Kjarvalsstöðum:

Ný tillaga að skipulagi Grjótaþorps

— tillögurnar sem ekki mátti sýna þar sýndar í Ásmundarsal

Kás — Í gær var opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á nýrri tillögu að skipulagi Grjótaþorps, svo almenningur og hagsmunaaðilar geti kynnt sér hana. Verður sýningin opin næsta hálfan mánuðinn. Auk þess mun Borgarskipulag Reykjavíkur gangast fyrir því, að haldnir verði fræðslufundir og erindi um skipulagsmál á meðan á sýningunni stendur. Dagskrá fundanna verður kynnt síðar, en þó er þegar vitað að Hjörleifur Stefánsson, annar höfundur skipulagstillögunnar, mun flytja fyrirlestur um skipulagstillögur að Grjótaþorpi, og Nanna Hermannsson, borgarminjavörður, mun flytja fyrirlestur um sögu húsanna í Grjótaþorpinu.

Þegar Sigurður Harðarson, formaður skipulagsnefndar, opnaði sýninguna á Kjarvalsstöðum formlega í gær, sagði hann, að þetta væri fyrsta tillagan að skipulagi Grjótaþorpsins sem unnin hefði verið hér á landi og fæli í sér vernd húsanna þar. Sagði Sigurður, að nú væri kominn tími til að samþykkja skipulag að Grjótaþorpinu þessu mesta vandræðabarni í skipulagssögu Reykjavíkurborgar.

Upphaflega hafði Borgarskipulag Reykjavíkur ákveðið að sýna með nýju skipulagstillögunni gamlar skipulagstillögur að svæðinu, auk nýrra tillagna sem nemendur í arkitektúr hafa samið. Stjórn Kjarvalsstaða lagði hins vegar blátt bann við því að aðrar tillögur en sjálf skipulagstillagan nýja yrði sýnd á Kjarvalsstöðum.

Í stað þess hefur verið ákveðið að sýna tillögurnar, sem ekki hlutu náð fyrir augum stjórnar Kjarvalsstaða í Ásmundarsal, og verður sú sýning opin á sama tíma og sýningin á Kjarvalsstöðum.



Líkan af fyrirhuguðu skipulagi Grjótaþorpsins. Hjá því standa m.a. Þór Magnússon, þjóðminjavörður, Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur á Kjarvalsstöðum, og Gestur Ólafsson, forstöðumaður Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Tímamyndir: Róbert.

„Greinilega pólitísk árás"

segir Ragnar Halldórsson forstjóri ÍSAL um fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytis

AB – „Þetta er greinilega pólitísk árás á ÍSAL. Þessi meðaltals hækkun sem kemur fram í þessari skýrslu er á engan hátt grunsamleg, því lagðar hafa verið fram upplýsingar frá Alusuisse sem sýndu fram á hvað gangverð á súráli er á milli óskyldra fyrirtækja, og það var ekkert frábrugðið því sem við borgum." sagði Ragnar Halldórsson forstjóri ÍSAL í viðtali við Tímann í gærkveldi.

Ragnar sagði jafnframt að í skýringunum frá Alusuisse hefði komið fram hvernig á þessum mismun stæði. Hann sagði að hann væri tilkominn vegna samninga við stjórnvöld í Ástralíu um að byggja upp áliðnað í því landi. Ástralir væru ekki nema 14 milljóna þjóð, en væru þrátt fyrir það orðnir stærstu súrálútflytjendur í heimi. Það hefði náttúrlega aldrei orðið nema vegna þess að ríkið þar samdi um ákveðna fyrirgreiðslu við fyrirtækin sem byggðu upp þennan iðnað. Það væri því bæði með fullri vitneskju ástralskra yfirvalda og samkvæmt samningum við þá, að þetta útflutningsverð væri gefið upp.

Ragnar sagði að þeim hjá Alusuisse hefði ekki borist skjöl iðnaðarráðuneytisins fyrr en sl. fimmtudag og svara hefði verið krafist fyrir hádegi á föstudag. Því hefði maður frá fyrirtækinu verið sendur hingað strax á föstudag til þess að skýra mál fyrirtækisins, en hann hefði tafist um einn sólarhring í Luxemburg vegna þoku.

Aðspurður að því hvort samstaða væri í sjórn ÍSAL um þessa túlkun Ragnars á málinu, svaraði Ragnar því til að hann vissi það ekki, þar sem enginn stjórnarfundur hefði verið haldinn um mál þetta.

„Ég er þess fullviss að Alusuisse hefur á undanförnum árum ekki hlunnfarið íslenska ríkið á nokkurn hátt, og að fyrirtækið hefur ekki haft í frammi svik og pretti." sagði Ragnar að lokum.

Tómas Árnason, um fréttatilkynningu iðnaðarráðherra:

„Vil engan dóm fella nú strax"

AB — „Það sem ég vil um málið segja er einkum tvennt," sagði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, þegar blaðið sneri sér til hans og spurði hann álits á fréttatilkynningu iðnaðarráðherra.

„Í fyrsta lagi er það spurningin um málsmeðferð, hvernig fara skuli með svona mál, en þegar þungar sakir eru á einhvern aðila bornar, verður hann að fá tækifæri til þess að skýra sín mál."

„Í öðru lagi", sagði Tómas Árnason, „tel ég að loks þá er báðir aðilar hafa skýrt sín sjónarmið, sé kominn tími til að fella dóm. Ég vil því engan dóm fella um þetta enn, ég þekki það ekki nægilega til þess en Alusuisse á auðvitað að standa við sína samninga að fullu".